

Tonnatak

Tonnatak er léttfjótandi lím til heimilisnota fyrir plastefni, gúmmí og málma. Það límir afar hratt og hentar vel þar sem rýmd er lítil.

Sýanakrýllím eru einþátta og fjölliðast mjög hratt ef þrýst saman í þunnt lag milli flata.

Rakinn sem er til staðar kemur hörðnuninni af stað. Sterk líming fæst á svipstundu hjá miklum fjölda efna.

Tonnatak þolir hitun (150°C) í skamman tíma, sé álag á límfleti hóflegt, og kælingu allt niður í -55°C.

Notið ekki í snertingu við gufu, öfluga oxara og skautuð leysiefni. Polir þvott með leysiefnum. Geymsluhitastig: 2° til 7°C.

Varúðarleiðbeiningar

Varist að límið komist í snertingu við augu. Í þeim tilvikum skal skola augu varlega með miklu magni af volgu vatni og leita læknis sem fyrst. Límist húð saman eða við annan hlut, skal þvo svæðið með heitu sápuvatni og nudda varlega þar til límingin losnar. Reynið ekki að skera líminguna.

Notkunarleiðbeiningar

- 1) Límfletir skulu vera fituhreinsaðir og þurrir. Notið t.d. ísóprópanól eða asetón við hreinsun. Málma með oxíðhúð (ál, kopar) er gott að slípa lauslega.
- 2) Berið lítið magn límsins á annan flötinn (1 dropi nægir).
- 3) Þrýstið flötum saman hratt og í rétta stöðu.
- 4) Beitið hæfilegum þrýstingi þ.a. límið myndi þunna filmu.
- 5) Látið óhreyft þar til límið hefur harðnað, yfirleitt að fáum sekúndum liðnum.
- 6) Umframmagn má hreinsa með leysiefni.
- 7) Límda hluti má handleika eftir 5 sek.
- 8) Límið nær fullum styrk á sólarhring.

Merking



VARÚÐ: Sýanóakrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum.

Veldur húðertingu. Veldur alvarlegri augnertingu. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. **BERIST EFNID Í**

AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.

GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

3 ml

Dreifing:

Landvélar ehf
Smiðjuvegi 66d
200 Kópavogi
Sími: 580 5800
www.landvelar.is